



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG FRÚ ELIZU REID TIL FINNLANDS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Finnlands 15.-17. maí næstkomandi. Með í för verður Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ásamt opinberri sendinefnd sem skipuð er fulltrúum fræða- og menningarsamfélags, atvinnulífs, ráðuneyta og skrifstofu forseta.

Heimsóknin hefst með formlegri móttökuathöfn við forsetahöllina í Helsinki að morgni þriðjudagsins 15. maí. Í kjölfarið fara viðræður forseta Íslands og Sauli Niinistö forseta Finnlands og fundur þeirra með fjölmiðlum. Eliza Reid forsetafrú á fund með Jenni Haukio forsetafrú Finnlands og eftir hann munu þær ásamt fylgdarliði heimsækja Hönnunarsafnið í Helsinki.

Jan Vapaavuori borgarstjóri Helsinki býður forsetahjónum og fylgdarliði þeirra til hádegisverðar í ráðhúsi borgarinnar en eftir hann heldur forseti til Eduskunta, finnska þjóðþingsins þar sem hann á fund með Paula Risikko forseta þess. Forseti leggur síðan blómsveiga að minnisvarða um fallnar finnskar hetjur og grafhýsi Gustafs Mannerheims hershöfðingja og fyrrum forseta Finnlands. Eftir það mun forseti eiga fund með Juha Sipilä forsætisráðherra Finnlands. Fyrsta degi heimsóknar forsetahjóna til Finnlands lýkur með hátíðarkvöldverði sem finnsku forsetahjónin bjóða til í forsetahöllinni.

Annar dagur heimsóknarinnar, 16. maí, hefst með morgunverðarfundi um líf- og heilbrigðistæknifyrirtæki sem skipulagður er af Samtökum iðnaðarins á Íslandi og í Finnlandi. Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins stýrir fundinum en þar munu fulltrúar íslensku fyrirtækjanna Nox medical, Genis og Össurar auk finnsku fyrirtækjanna Planmeca, Polar og Evondos gera stuttlega grein fyrir starfsemi sinni. Eftir hann halda forseti og fylgdarlið í ísbrjótinn Urho þar sem efnt verður til samræðna um málefni norðurslóða en Finnar

fara nú með formennsku í Norðurskautsráðinu og Íslendingar taka við henni á næsta ári. Forsetar Íslands og Finnlands munu flytja ávörp á fundinum auk ráðherra og embættismanna. Í kjölfarið mun forseti heimsækja verkstöð átaksins Me&MyCity (<https://yrityskyla.fi/en/>) í Espoo og kynna sér þær hugmyndir sem að baki þessu verkefni búa.

Forseti flytur opinberan fyrirlestur í hátíðarsal Helsinki háskóla síðdegis miðvikudaginn 16. maí. Fyrirlesturinn er á ensku og ber heitið *“The world is full of great and wonderful things.” Nordic realities, illusions and challenges.* Undir kvöld bjóða forsetahjónin finnsku forsetahjónunum og fleiri gestum sem tengjast heimsókninni til móttöku í Finlandia húsinu.

Eliza Reid forsetafrú og Jenni Haukio forsetafrú Finnlands munu heimsækja Aalto háskólann að morgni miðvikudagsins 16. maí ásamt fylgdarliði. Þaðan liggur leiðin í Matreiðsluskólann, Kokkikoulu Espá, þar sem Íslandsstofa hefur skipulagt hádegisverð og samræðufund um ferðamál, menningu og mat. Eliza Reid forsetafrú flytur ávarp á fundinum ásamt Höllu Helgadóttur framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar og Ingu Hlín Pálsdóttur framkvæmdastjóra hjá Íslandsstofu. Eliza Reid forsetafrú og Jenni Haukio forsetafrú Finnlands munu síðdegis flytja ávörp á málstofu um læsi og lestur sem haldin verður í menningarmiðstöðinni Hanasaari (Hanaholmen). Í kjölfarið munu rithöfundarnir Gerður Kristný og Timo Parvela taka þátt í pallborðsumræðum um efnið.

Á lokadegi ríkisheimsóknar til Finnlands liggur leið forsetahjóna og fylgdarliðs til Turku borgar. Þar hefst dagskráin í Vísindagörðum, samstarfsvettvangi háskóla, borgar og fyrirtækja, en síðan er haldið í Turku háskóla þar sem Vanda Sigurgeirsdóttir, kennari við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og finnskir samstarfsmenn hennar gera grein fyrir baráttu gegn einelti í skólum. Borgarstjóri Turku býður síðan til hádegisverðar í Turkukastala en eftir hann mun forseti taka þátt í pallborðssamræðum í Åbo Akademi háskólanum. Samræðurnar fara fram á ensku undir heitinu *Living history. Sovereignty, independence and the uses of the past in present debates, 1918-2018.* Heimsókn forsetahjóna til Finnlands lýkur í Sjóminjasafni borgarinnar, Marina Forum, síðdegis fimmtudaginn 17. maí.

4. maí 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).